

AUGLÝSING

**um gjald vegna námskeiðs og prófs
í notkun og meðferð skotvopna.**

Samkvæmt 3. mgr. 13. gr. vopnalaga nr. 16/1998 með síðari breytingum, sbr. 27. gr. e. reglugerðar nr. 787/1998 um skotvopn og skotfæri með síðari breytingum, er gjald fyrir námskeið í notkun og meðferð skotvopna ákveðið kr. 27.000. Í námskeiðsgjaldi er innifalið gjald fyrir próf og endurupptöku prófs einu sinni. Óski próftaki eftir að endurtaka próf oftár skal hann greiða sérstakt prófgjald, sbr. 27. gr. d. reglugerðarinnar, kr. 5.000.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 22. mars 2017.

F. h. dómsmálaráðherra,
Þórunn J. Hafstein.

Kristín Einarsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 4. apríl 2017